

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um vélstjóraskóla Reykjavíkur.

94

29. sept.

Samkvæmt 5. gr. í lögum nr. 37, 3. nóv. 1915, um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir vélstjóraskólann í Reykjavík.

Á eftir IV. kafla kemur eftirfarandi

V. KAFLI

Ákvæði um vélgæzludeild.

Á eftir 28. gr. koma eftirfarandi greinar:

29. gr.

Inntökuskilyrði í vélgæzludeild Vélstjóraskólans skulu vera sem hér segir:

- a) Að umsækjandi hafi stundað járnsmíði í 3 ár eða verið aðstoðarmaður í eimvél eða vélstjóri með undanþágu, hvorttveggja sömuleiðis í 3 ár, og hafi meðmæli smíða þeirra eða vélstjóra, sem hann hefir unnið með.
- b) Að hann hafi eigi verið dæmdur fyrir neinn þann verknað, sem svivirðilegur er að almenningsáliti.
- c) Að hann sé eigi haldinn af næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans eða skaðlegur hinum nemendum.

Beiðni um viðtöku í deildina sendist forstöðumanni skólans, og fylgi henni vottorð um, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem talin eru í lið a og b hér að framan, og enn fremur skirnarvottorð og læknisvottorð.

30. gr.

Til prófs útheimtis:

1. Í islenzku:

Nemandinn verður að geta gert léttan stíl, ritvillulitinn, og lesið nokkurn veginn viðstöðulaust. Hann verður og að kunna helztu undirstöðuatriði málfræðinnar.

2. Í reikningi:

Nemandinn skal kunna fjórar höfuðgreinir í reikningi með heilum tölum, einföldum brotum og tugabrotum.

94
29. sept.

3. Í vélfræði:

Nemandinn verður að þekkja ýmsar tegundir eldsneytis, sem notaðar eru í skipum og bátum fyrir einvélar og hreyfla, vita hvernig vélunum er komið fyrir í skipinu, þekkja gerð þeirra og kunna til gæzlu þeirra. Hann skal þekkja helztu hluta skipsins og skiptingu þess í vatnspétt hólf, austurs- og slökkvitæki og aðrar hjálparvélar skipsins. Hann verður að vita deili á ryðmyndun og þekkja aðferðirnar til að koma í veg fyrir hana. Hann skal þekkja helztu lagaákvæði um vélar í eimskipum. Ennfremur verður hann að kunna skil á helztu starfsháttum mótórvéla.

4. Í eðlisfræði:

Nemandinn verður að hafa þekkingu á helztu náttúrulögmálum.

Við kennsluna skal nota þær bækur, sem skólustjóri og kennarar ákveða í sameiningu.

31. gr.

Kennslustundir eru 30 á viku og skiptast þannig milli námsgreinanna:

1. Í íslenzku skal kenna 6 stundir á viku.					
2. – reikningi	—	—	8	—	—
3. – eðlisfræði	—	—	4	—	—
4. – vélfræði	—	—	12	—	—

32. gr.

Kennsla byrjar 1. október, og próf skal haldið í fyrri hluta febrúar-mánaðar.

33. gr.

Próf í eðlisfræði og mótórvélfræði er eingöngu munnlegt, en í öðrum greinum einnig skriflegt. Einkunnir eru hinar sömu og tíðkast við próf í Vélstjóraskólanum. Við prófið skulu gefnar alls 10 einkunnir, sem sé:

Í vélfræði	4 einkunnir fyrir 2 skriflegar og 2 munnlegar úrlausnir.
– íslenzku	2 — — 1 skriflega — 1 munnlega úrlausn.
– reikningi	2 — — 1 — — 1 — —
– eðlisfræði	1 einkunn, — 1 munnlega úrlausn.
– mótórvélfræði	1 — — 1 — —

Til að standast prófið þarf að minnsta kosti 3 í meðaleinkunn.

Nr.

94







PRÓFSKÍRTEINI

29. sept.

N. N.

fæddur

hefir staðizt hið íslenska vélgæzlumannaþróf og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Íslenska	2 eink.	
Reikningur	2 —	
Eðlisfræði	1 —	
Vélfræði	4 —	
Mótorfræði	1 —	
Aðaleinkunn 10 eink.		

Reykjavík 19..

N. N.

N. N.

N. N.

Til að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 30 stig.
Hæsta einkunn er 70 stig.

Um öll önnur atriði gilda sömu reglur og við vélstjóraþróf.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er eiga hlut að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.